

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 7. maí 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 51/148

| | |
|--------------|--|
| Fundarstjóri | Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR) |
| Fundarritari | Baldur Karl Magnússon (BKM) |
| Þingmenn | Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ) |
| Forföll | Smári McCarthy (erlendis vegna þingstarfa) |
| Gestir | Jón Gunnar Borgþórsson (fulltrúi framkvæmdaráðs) Þórolfur Júlían Dagsson (fulltrúi Pírata á Suðurnesjum) |

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 50/148 samþykkt.

2. Þingstörfin framundan

Farið yfir þingstörfin í vikunni. Nefndadagur á mánudegi. HM mun ræða við heilbrigðisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum á þriðjudag, HHG einnig við dómsmálaráðherra. BLG mun taka þátt í sérstökum umræðum um norðurslóðir. Stefnt að atkvæðagreiðslum á þriðjudag, farið yfir málin.

HM verður upphafsmaður sérstakra umræðna á miðvikudag um borgaralaun. BLG mun einnig taka til máls.

3. Bréf þingflokksformanns

ÞSÆ gerði grein fyrir fundum sínum með forseta og öðrum þingflokksformönnum.

4. Bréf úr forsætisnefnd

JPÓ gerði grein fyrir fundi forsætisnefndar. Rætt var um áframhaldandi hækkun launa Ríkisendurskoðanda, JPÓ kaus gegn tillögu forseta. Einnig var rætt um þingfundartíma og áætlun þingsins.

Bókuð afstaða Pírata: Það er ekki nóg að hafa ætlað samþykki fyrir þingflokks Pírata fyrir breytingum á fundaráætlun eða lengingu þingfundartíma. Það verður að fá virkt samþykki fyrir þeim breytingum.

5. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir stöðu mála í fastanefndum Alþingis.

6. Niðurstöður viðhorfskönnunar Pírata

Farið yfir niðurstöður könnunarinnar Forgangsröðun fjármuna. Samþykkt að JPÓ ráðfæri sig við Atla Þór Fanndal og taki ákvörðun um birtingu.

7. Fundir á næstunni

Yfirferð yfir fundi sem búið er að skipuleggja og/eða biðja þingflokk um.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.